



Ársskýrsla 2021

Skrifstofa stjórnsýslu

reykjanesbaer.is




Ársskýrsla 2021

Skrifstofa stjórnsýslu

Reykjanesbæ, 15. febrúar 2022

Inngangur

Nýtt stjórnskipulag Reykjanesbæjar var samþykkt á hátíðarfundum bæjarstjórnar í Stapa þann 11. júní 2019. Stjórnskipulagið tók gildi 1. september 2019. Samkvæmt breyttu stjórnskipulagi er skrifstofa stjórnýslu nú ein af þremur deildum stjórnýslusviðs Reykjanesbæjar.



Hlutverk og markmið skrifstofu stjórnýslu

Markmið skrifstofunnar er að hafa forystu í vandaðri stjórnýslu Reykjanesbæjar og finna leiðir til að þróa vinnuaðferðir og auka rafræna stjórnýslu. Skrifstofan skal annast þjónustu við bæjarráð og bæjarstjórn, sjá um lögræði- og kærurmál, sinna mannauðs-, jafnréttis- og símenntunarmálum og innleiða gæðahandbók á öllum fagsviðum. Skrifstofan skal tryggja vandaða skjalavörslu og ber ábyrgð á persónuverndarmálum í sveitarfélaginu. Þá skal skrifstofan tryggja utanumhald og umsjón með tölvu- og tölvuöryggismálum, notendþjónustu og þróun í notkun tölvu- og upplýsingatækni hjá sveitarfélaginu.

Yfirlit ársins 2021

Á haustmánuðum ársins 2021 sagði Jóna Hrefna Bergsteinsdóttir, deildarstjóri Þjónustu & þróunar, upp starfi sínu, en hún hafði þá ráðið sig til starfa hjá HS Veitum hf. sem mannauðsstjóri. Hún hafði starfað hjá sveitarfélaginu í ýmsum störfum frá árinu 2007. Eru henni færðar bestu þakkir fyrir góð störf og er henni óskað alls hins besta á nýjum vígstöðvum.

Áslaug Þ. Guðjónsdóttir Lúther, sem gengt hafði starfi teymisstjóra í Þjónustuveri var ráðinn deildarstjóri Þjónustu & þróunar og tók hún til starfa þann 15. nóvember 2021.


Starf bæjarlögmanns og skrifstofustjóra skrifstofu stjórnýslu var auglýst laust til umsóknar vorið 2021. Undirritaður bæjarlögmaður, sem hafði gengt starfinu tímabundið, var ráðinn ótímabundið með ráðningarsamningi sem tók gildi sumarið 2021

Engar aðrar breytingar voru á störfum stjórnenda og lykilstarfsmanna á skrifstofu stjórnsýslu á árinu 2021 og voru engar nýjar ráðningar í störfum stjórnenda eða lykilstarfsmanna á árinu.

Heimsfaraldur Covid-19 setti mark sitt á starfsemi skrifstofu stjórnsýslu á árinu 2021. Starfsmenn skrifstofu stjórnsýslu voru margir hverjir í fjarvinnu svo vikum og mánuðum skipti. Reyndi á tölvu- og upplýsingatækni sveitarfélagsins og eru flestir sammála um að sveitarfélagið hafi verið tilbúið að mæta þeim áskorunum sem fylgja heimsfaraldri.

Á næstu blaðsíðum má finna ýmsar svipmyndir úr starfi skrifstofu stjórnsýslu og er það skoðun starfsmanna skrifstofunnar að unnið hafi verið gott starf við talsvert erfiðar aðstæður. Náðist góður árangur á flestum sviðum og talsvert bættur árangur frá fyrri árum.


Eins og sjá má hefur meðalbiðtími í dögum eftir fyrsta svari frá Hjálpinni (notendabjónustu í tölvumálum) verið að stytast og oft verið vel innan þess gæðamarkmiðs sem deildin hefur sett sér.




Meðalbiðtími í dögum eftir að beiðni er að fullu afgreidd



Meðal dagafjöldi frá því að beiðni er send inn og þar til að hún er afgreidd ...



Meðal dagafjöldi frá því að beiðni er send inn og þar til að hún er afgreidd ...



*hjalp@reykjanesbaer.is


Mikið hefur gerst í skjalamálum á árinu þrátt fyrir að erfitt hafi reynst að vinna vinnu á vettvangi vegna heimsfaraldurs Covid-19.

Staða verkefna samkvæmt starfsáætlun 2021				
Verkefni verkefnis	Nánari lýsing á verkefni	Staða		
		Lokið	Í vinnslu	Ekkí hafið
Innleiðing skjalakerfis í grunnskóla	GoPro er uppsett í öllum skólum! Innleiðing heldur áfram með viðveru og fræðslu.	X		
Yfirferð og skönnun eldri gagna	Yfirferð eldri gagna barnaverndar er langt á veg komin. Þetta er verkefni sem verður í vinnslu næstu árin, erum að vinna þetta jafnt og þétt.		X	
Flutningur elstu gagna yfir í Foris	Lokið	X		
Gerð fræðsluefnis fyrir notendur	Myndskeið um algengustu aðgerðir í GoPro eru nú aðgengileg á Workplace.	X		
Samstarf við verkefnastjóra gæðamála	Samstarf verkefnastjóra gæðamála og skjalastjóra er mikið og verður áfram.		X	

Mikill vöxtur er í gæðahandbók sveitarfélagsins, en unnið er í CCQ hugbúnaðinum.



Velferðarsvið og fræðslusvið hafa tekið stór stökk og eru farin að notfæra sér gæðahandbókina í auknum mæli.



Nokkuð hefur verið um mál á sviði persónuverndarmála, auk reglubundinna verkefna.

Staða verkefna samkvæmt starfsáætlun 2021				
Verkefni verkefnis	Nánari lýsing á verkefni	Staða		
		Lokið/ Í vinnslu/ Ekki hafð		
Yfirheiti verkefnis	Nánari útskýringar hverju verkefnið felst í			
Fræðsla	Útbúa ný fræðsluerindi til að efla vitund starfsmanna Reykjanesbæjar á persónuvernd við öflun og vinnslu persónuupplýsinga. Gæta að meðalhófi, öryggi gagna o.s.frv.	X		
Vinnsluskrársettar í CCQ	Keyra Excel vinnsluskrár í Frávikagreiningu í CCQ. Það þarf að aðlaga skrárnar viðmótinu áður en þær fara til úttektaraðila	X		
Vinnsluskrár í úttekt	Úttektaraðilar fara yfir ferlana, uppfæra eða staðfesta vinnulag í ferlum eða taka út ferla sem lagðir hafa verið niður. Persónuverndarfulltrúi endurskoðar allar færslur	X		
Vinnsluskrá upplýsingaöryggi	Sérstök vinnsluskrá sem tekur á upplýsingaöryggi, stuðst við ISO staðla		X	
Tengja vinnslusamninga við þjónustusamninga	Þegar unnið er með persónuupplýsingar af einhverju tagi í kerfum/forritum frá þjónustuaðilum þá þarf að gera vinnslusamning sem tekur á skyldum ábyrgðaraðila, vinnsluaðila, öryggi gagna, réttindum hinna skráðu og trúnaði. Þessa samninga þarf að tengja við þjónustusamninga.		X	
Ábendingarkerfi í CCQ	Setja upp vefform fyrir tilkynningar á frávik/öryggisbrestir (verið að vinna í aðgangsmálum, ekki æskilegt að innsendar tilkynningar séu opnar öllum)			X

Á næstu blaðsíðum má finna ársskýrslur deilda og verkefnastjóra málaflokka, en þar er farið yfir helstu atriði í starfsemi sveitarfélagsins á síðasta ári.

Skjaladeild

Í skjaladeild starfa þrír starfsmenn, skjalastjóri og tveir skjalaverðir. Hrefna Höskulds skjalavörður fór í ársleyfi í febrúar og Íris Andrea Guðmundsdóttir var ráðin í hennar stað, einnig fékk skjaladeild sumarstarfsmann í gegnum námsmannaátak.

Helstu verkefni skjaladeilda á árinu voru fræðsla og eftirfylgni í grunnskólum sveitarfélagsins ásamt gerð fræðsluefnis. Flutningur elstu gagna yfir í GoPro Foris, yfirferð og skönnun gagna og samstarf skjalastjóra og verkefnastjóra gæðamála.

Grunnskólar sveitarfélagsins eru nú að mestu komnir af stað með notkun GoPro en áætluð viðvera og fræðsla skjalastjóra í skólunum hefur ekki gengið nægilega eftir sökum takmarkana. Flutningur gagna úr elsta kerfinu yfir í GoPro Foris gekk vel og hefur auðveldað aðgengi að þeim gögnum svo um munar. Yfirferð eldri gagna og skönnun gekk vel en þar er af nógu að taka og mun sú vinna halda áfram. Skjalastjóri og verkefnastjóri gæðamála hafa unnið saman að samræmingu og notkun sniðmáta og verkferla sem hefur gengið vel og vinnubrögð starfsmanna eru sífellt að taka framförum sökum fræðslu og leiðsagnar. Gæðamarkmið skjalastjóra árið 2021 var meðal annars að halda utan um svartíma á beiðnum um gögn og skrá frávik. Frávik voru átta talsins þar sem ábyrgðarmenn máls svöruðu ekki innan tímamarka. Skjalastjóri mun áfram fylgja eftir beiðnum og skráningu frávikna.

Þjónusta & þróun

Annað starfsár þjónustu og þróunar einkenndist af ýmis konar umbótavinnu, verkefnum sem miðuðu að sterkari framlínu og rafrænum og stafrænum þróunarverkefnum.

Talsverðar mannabreytingar urðu í þjónustu og þróunar á árinu. Auk breytinga í hópi þjónustufulltrúa og starfsmanna í tækni- og notendabjónustu bættist framlínuráðgjafi tímabundið í hópinn í apríl. Deildarstjóri hvarf til annarra starfa, teymisstjóri tók við keflinu og starf hans lagt niður. Svæðaskipting deildarinnar, bæði vegna húsnæðismála og covid-

faraldursins, var deildinni áskorun og verður að öllum líkindum áfram. Innan starfsmannahópsins er öflug samvinna og skýr sýn á skilvirka og vandaða þjónustu.

Stöðugar umbætur

Í upphafi árs var hugmyndafræði Lean-straumlínustjórnunar innleidd og stöðugar umbætur settar í forgrunn. Þær koma m.a. fram í endurskoðun og einföldun verkferla, hugarfari sem sífellt miðar að skilvirkni og ýmissi annarri hagræðingu fyrir starfsfólk og íbúa. Fjölmargir verkferlar voru endurskoðaðir og skráðir í gæðakerfið ásamt leiðbeiningum. Þá var allsherjar tiltekt gerð á starfsstöðvum og geymslurýmum þjónustu og þróunar.

Deildin kynnti sér ýmis kerfi og lausnir á árinu í þeim tilgangi að fylgjast með þróun og meta þá möguleika sem ný kerfi gætu gefið. Þar má nefna viðskiptamannakerfi (CRM), ábendingakerfi og stafrænar kortalausnir. Einnig voru kannaðir möguleikar á að nýta enn frekar þau kerfi sem fyrir eru eins og beiðnakerfið Lansweeper, en á árinu var kerfið innleitt í launadeild og Súlunni en fór einnig í víðtækari notkun innan þjónustu og þróunar. Eignastjórnun, eining innan CCQ gæðakerfisins, var tekin í notkun en þar er tölvubúnaður skráður í láni hjá viðkomandi starfsmönnum.

Yfirfærsla verkefna sem tengjast skráningu starfsmanna í tölvukerfi hófst í lok árs. Verkefnin verða færð frá deildarstjóra og starfsmönnum í tækni- og notendabjónustu yfir til þjónustufulltrúa. Unnið hefur verið hörðum höndum að einföldun og skilvirkni verkferla varðandi skráninguna í samvinnu við launadeild, m.a. með tengingu tölvukerfa.

Ný gæða- og þjónustustefna var kynnt á stjórnendadegi í september og verður innleiðing hennar haldið áfram fyrri hluta ársins 2022 í samvinnu við verkefnastjóra gæðamála.

Sterkari framlína

Verkefnið Sterk framlína í krafti fjölbreytileikans fléttaðist á fjölbreyttan hátt inn í starf þjónustu og þróunar á árinu, m.a. með ráðningu framlínuráðgjafa. Samstarf við velferðarsvið jókst eftir að verkefnið hófst og unnið var að fjölmörgum verkefnum s.s. rafrænni beiðni um viðtal hjá ráðgjafa, undirbúningi fræðsluáætlunar og endurhönnun ferlis vegna sérstaks húsnæðisstuðnings. Einnig var þjónustuframboð velferðar- og fræðsluviðs kortlagt (þjónustupráðurinn) og út frá því gerðar tillögur að nýrri uppsetningu framboðsins á vef Reykjanesbæjar. Starfsmenn deildarinnar tóku þátt í vinnustofum í nafni sterkrar framlínu ásamt framlínustarfsfólki sveitarfélaga og ríkisstofnana á Suðurnesjum. Þá fóru þjónustufulltrúar á skyndihjálparnámskeið á vegum verkefnisins, þar sem sérstök áhersla var lögð á erfiðar aðstæður sem upp geta komið í framlínuþjónustu. Markmið Sterkrar framlínu í krafti fjölbreytileikans styðja við eitt af aðalmarkmiðum þjónustu og þróunar um að svara erindum íbúa í fyrstu snertingu.

Þjónustufulltrúar heimsóttu Súluna, Nesvelli, Hljómahöll, Hæfingastöðina og Björgina og kynntu sér starfsemi og aðstöðu þeirra. Mikil ánægja var með heimsóknirnar sem eru liður í að þjónustufulltrúar fái næga fræðslu og upplýsingar til þess að afgreiða erindi íbúa í fyrstu snertingu. Þær voru einnig liður í að minna starfsfólk stofnana bæjarins á nauðsyn góðs samstarfs svo markmiðið náist sem oftast.

Stafræn þróun

Stafræn vegferð Reykjanesbæjar hélt áfram með nánú samstarfi við stafrænt umbreytingateymi Sambands íslenskra sveitarfélaga og fulltrúa sveitarfélaga landsins. Tekið var þátt í þróun stafrænnar umsóknar um fjárhagsaðstoð ásamt teyminu og fulltrúum Hafnarfjarðarbæjar og Akraneskaupstaðar. Verkefnið var víðfeðmt þar sem ferli sveitarfélaganna eru samhæfð og tenging kerfa við Skattinn og Þjóðskrá komust á. Óhætt er að segja að þær tengingar hafi verið stórt framfaraskref í stafrænni vegferð sveitarfélaganna. Umsóknin verður innleidd í byrjun ársins 2022 í samvinnu við velferðarsvið.

Á árinu vann þjónusta og þróun að öðrum stafrænum verkefnum sem mun ljúka snemma árs 2022, eins og verkefni með skólaþjónustunni sem hófst á seinni hluta ársins. Um er að ræða

stafræn tilvísunareyðublöð, sem leysa pappír af hólmi, einfalda úrvinnslu og spara foreldrum nemenda sporin og öllum þeim sem að þessu koma. Þar eru tengd saman kerfi rafrænnar undirritunar og skjalavistunar.

Ýmis pappírseyðublöð voru færð yfir á rafrænt form, en það er einmitt skref í stafrænni umbreytingu. Vinnuskýrslur fyrir starfsfólk liðveislu og stuðningsfjölskyldur voru gerðar rafrænar og ferlið einfaldað, var það mikil hagræðing fyrir starfsfólk og þjónustuþega. Rafrænar undirritanir voru innleiddar frekar eftir að þær bættust við rammisamning ríkisins. Svokallaðir barnaverndarhnappar voru settir á vef Reykjanesbæjar, en þeir eiga að einfalda tilkynningar um barnaverndarmál.

Stórt skref var tekið þegar tenging var sett milli launakerfisins Kjarna og Active Directory (AD). Verkefnið var viðamikil og heldur þróun þess áfram vel fram á nýtt ár. Tengingin býður upp á mikla hagræðingu og straumlínulögun verkferla sem snúa að skráningu starfsmanna í viðeigandi tölvukerfi. Í kjölfarið hefur handtökum fækkað umtalsvert bæði í launadeild og hjá þjónustu og þróun.

Þjónusta og þróun fer með gott veganesti inn í nýtt ár. Deildin mun byggja ofan á reynslu og afrakstur ársins 2021 og nýta þann samstarfsvettvang sem skapaðist til að ná markmiðum sínum í þágu íbúa Reykjanesbæjar.

Gæðamál

Mannauður

Engin breyting var á fjölda stöðugilda undir gæðamálum og var verkefnastjóri gæðamála með umsjón yfir málaflokknum.

Helstu verkefni 2021

Helstu verkefni ársins 2021 voru gerð gæðaskjala og stuðningur við starfsmenn við gerð skjala. Gefin voru út 229 skjöl en til samanburðar voru gefin út 193 skjöl árið 2020.

Verkefnastjóri gæðamála var einnig með fræðslufundi og kennslu á gæðakerfið fyrir starfsfólk fræðsluviðs, velferðarviðs og umhverfissviðs ásamt skólastjórnendum. Markmið með fræðslunni var að koma á gæðamenningu og vitund starfsfólks um mikilvægi þess að fylgja samræmdu verklagi. Jafnframt má nefna að ný þjónustu- og gæðastefna var samþykkt í bæjarstjórn 4. maí 2021. Innleiðing á stefnunni átti að hefjast og klárast á haust mánuðunum en vegna breyttra aðstæðna gekk ekki eftir að klára innleiðinguna. Stefnit er á að innleiðingu verði lokið 2022. Að lokum má nefna að framkvæmd var innri úttekt á gæðahandbókinni. Verkefnastjóri gæðamála óskaði eftir þátttöku stjórnenda og var ráðningarferill VRL-0018 tekinn út. Þátttakendur voru ýmist með mikla eða litla reynslu af ráðningum og gáfu niðurstöður til kynna að óreyndir stjórnendur eru líklegri til að styðjast við gæðahandbókina.


Árangur

Samkvæmt starfsáætlun 2021 voru helstu markmiðin að virkja fleiri deildir og svið í vinnu við gerð gæðaskjala, ásamt því að flestir undirferlar mannauðsdeildar yrði gefnir út eða langt á veg komnir. Fyrri hluti ársins fór í að vinna með barnavernd og bakvakt velferðarviðs.


Verklagsreglurnar *Barnaverndarferill VRL-0006* og *Bakvakt VRL-0015* voru gefnar út. Einnig gaf Súlan út verkefnahandbók *VHB-0001* í gæðahandbókinni í aprílmánuði. Síðari hluti ársins fór í gerð skjala með byggingarfulltrúa sem gaf út verklagsreglurnar *Umsókn um byggingarleyfi VRL-0020* og *Eignaskiptayfirlýsing VRL-0003*. Ásamt því að vinna með fræðsluskrifstofu sem fór í markvissa vinnu og setti sér markmið um að auka við sín skjöl í gæðahandbókinni og voru flest skjöl gefin út á því sviði. Í þeirri vinnu tóku þátt skólaþjónustan, grunnskólafulltrúi, leikskólafulltrúi og tómstunda- og íþróttamál og voru ýmsir ferlar og skjöl gefin út.

Einnig var markmiðið að gefa út feril fyrir innri úttekt á gæðahandbókinni við lok apríl mánaðar en *VRL-0016 Innri úttekt* var gefin út í júní mánuði. Jafnframt var innri úttekt framkvæmd, eins og áður hefur komið fram en það var eitt af markmiðum starfsáætlunar 2021. Verkefnastjóri gæðamála kynnti niðurstöður fyrir framkvæmdarstjórn samkvæmt verklagi innri úttekta.

Eftirfarandi mynd sýnir hvernig útgefin skjöl á árinu 2021 skiptast á milli sviða og deilda:



Á meðal þessar skjala voru 34 verklagsreglur og verklýsingar gefnar út sem skiptast á milli málaflokka eins og má sjá á eftirfarandi mynd:



Að lokum má nefna að markmiðið með árinu 2021 var að koma á gæðamenningu innan sveitarfélagsins og segja má að ákveðin vitundarvakning hafi orðið hjá starfsfólki. Haldið verður áfram að því að festa gæðamenningu enn frekar á meðal starfsfólks árið 2022.

Persónuvernd

Mannauður

Persónuvernd réð til sín í sumar Mardísi Ögn Birgisdóttur í gegnum sumarstörf námsmanna 2021.

Helstu verkefni 2021

- Ný fræðsluerindi útbúin til að efla og viðhalda vitund starfsmanna Reykjanesbæjar á persónuvernd við öflun og vinnslu persónuupplýsinga.

- Excel vinnsluskrár keyrðar í Frávikagreiningu CCQ og þær aðlagðar áður en þær fóru til ábyrgðaraðila.
- Ábyrgðaraðilar luku við að yfirfara ferlana, uppfærðu, staðfestu vinnulag eða tóku út vinnslur sem lagðir hafa verið niður.
- Persónuverndarfulltrúi og sumarstarfsmaður endurskoðuðu allar færslurnar, staðfestu eða sendu tilbaka til annarrar yfirferðar.
- Undirbúningi lokið svo hægt sé að byrja á úttekt á upplýsingaöryggi sveitarfélagsins.
- Vinnslusamningar gerðir í tengslum við fyrirliggjandi þjónustusamninga.
- Gerð prótótýpa af vefformi þar sem tilkynnt verða frávik og öryggisbrestir.
- Lokið við áhættumat vegna öryggismyndavéla við grunnskóla Reykjanesbæjar.
- Sex öryggisbrestir tilkynntir til Persónuverndar.
- Tíu skýrslur vegna frávíka.

Árangur

- Lokið við að gera ný fræðsluerindi, ekki tókst að vera með fræðsluerindi á fundarstað vegna Covid takmarkana. Fræðsluerindi sett á Workplace sem er ekki nógu skilvirkur miðill.
- Lokið við að keyra inn, aðlaga, senda í úttekt og staðfesta vinnsluskrár.
- Ekki lokið við vinnsluskrá vegna upplýsingaöryggis en undirbúningsvinna er langt komin.
- Ekki lokið við að samtengja alla vinnslusamningar við þjónustusamninga, það vantar inn marga eldri þjónustusamninga í GoPro.
- Ekki lokið að fullu vefformi þar sem tilkynnt verða frávik og öryggisbrestir, vantar virkni í CCQ til að fullklára.
- Fenginn jákvæður úrskurður frá Persónuvernd vegna áhættumats á öryggismyndavéla við grunnskóla Reykjanesbæjar.

Lokaorð

Ég tel að starfsfólk Reykjanesbæjar sé mjög meðvitað um persónuvernd og lætur vita ef upp koma það sem gæti virst vera öryggisbrestur. Viðkvæmustu gögnin liggja í vinnslu á velferðar- og fræðsluviði og þar liggja líka flestar beiðnir um persónugögn. Nú eru framundan breytingar sem snúa að samþættingu þjónustu á þessum sviðum. Ekki er fyrirséð hvort það kalli á miklar breytingar á vinnsluskrám, það mun væntanlega ekki koma í ljós fyrr en líður á árið.

Það er tímafrekt að yfirfara vinnsluskrár og þar hefur komið best út að sitja með hverjum og einum og vinna þetta þannig. Mardís Ögn sumarstarfsmaður kom miklu í verk þar sem hún gat einbeitt sér að því verkefni.

Tölvu- og upplýsingatæknimál

Markmiðið er að: Upplýsingatækniöryggi sé í samræmi við stefnumótun í upplýsingatækni og þjónustu og stefnu sveitarfélagsins.

Helstu verkefni:

- Umsjón með net-, símakerfi og netþjónum og framþróun þeirra kerfa.
- Rekstur, umsjón og eftirlit tölvukerfa (hardware, virtual, online og on prem), afritun og þeim hugbúnaði sem við á.

- Sjá um Microsoftsamninga og viðhalda þeim.
- Sjá um að gerðar séu öryggisskannanir á tölvu- og netkerfum og bregðast við göllum sem upp koma.
- Ráðgjöf á sviði tölvu- og upplýsingatæknimála.
- Ráðgjöf og aðstoð varðandi tæknilega þætti við innleiðingu stefnumótunar í upplýsingatækni.
- Ráðgjöf vegna nýframkvæmda og endurbóta í upplýsingakerfum.
- Ráðgjöf vegna gagnaflutninga að og frá stofnunum bæjarins og öryggi þeirra.
- Innkaup á tölvum og vélbúnaði í samvinnu við Þjónustu og Þróun/Innkaupastjóra.
- Ráðgjöf á sviði tölvu- og upplýsingatæknimála til deildarstjóra Þjónustu og Þróunar og starfsmanna í notendapjónustu.
- Efla öryggisvitund starfamanna.
- Setja reglur varðandi hvaða gögn má geyma hvar í samvinnu með persónuverndarfulltrúa.
- Tengja GX og Kjarna við AD.
- Áhættugreina tölvu og netkerfi og skrá í CCQ.
- Koma öryggishandbók í CCQ.
- Uppbygging/endurnýjun netkerfa í skólum.
- Innleiðing Office 365 í Ráðhúsinu.
- Uppfæra alla Windowsservera í útgáfu 2019.
- Netöryggismál, þar verður farið í að klára tvöfalda auðkenningu á VPN aðgangaverktaka.
- Innleiða Cisco Umbrella netöryggiskerfi.
- Sjá um að netið, innra og ytra, sé skannað fyrir öryggisveikleikum og brugðist sé við göllum.
- Dulkóða vefi sem á eftir og skoða frekari dulkóðun gagna.
- Uppfæra vírusvörnina úr Officescan í Apex One.
- Halda áfram að færa stofnanir yfir í Cisco Call Manager símkerfið.
- Innleiða Qualys á servernet og lykiltölvur.
- Endurskoða þetta skjal ársfjórðungslega. Segja frá helstu verkefnum á árinu.

Árangur 2021

Tvö áföll urðu í netkerfi bæjarins á árinu 2021. Annars vegar brann tengiskúr Kapalvæðingu í Njarðvík og 8 stofnanir, 5 grunnskólar og 3 stofnanir, urðu net- og símasambandslaus. Brugðist var við með Sensa og Símanum og settir upp 4G routerar og var fyrsti komin upp um 14:00 eða sex tímum eftir að bilun uppgötvaðist. Bruninn átti sér stað á fimmtudagsmorguninn 9. september, nýr búnaður var settur upp á mánudaginn 13. september. Búnaðurinn sem brann fékkst greiddur úr tryggingunum.

Hins vegar fór harður diskur í eldvegg sem orsakaði algjört net- og símaleysi hjá öllum stofnunum. Farið var í vinnu með Sensa sem lánuðu okkur eldvegg á meðan hinn var niðri. Fengum nýjan sendan að utan og var hann komin upp viku seinna. Þarna var búnaðurinn í ábyrgð hjá framleiðenda.

Síðla árs 2020 bilaði varaafsstöðin og kom þá í ljós að komin var tími á endurnýjun á upsum (varaafli á rafhlöðum). Farið var í samstarf við Origo og keyptur einn stór upsi sem leysir af hólmi marga litla sem voru komir til ára sinna. Gert var við rafstöðina að fengnu álitu sérfróðra manna þar um og stýribúnaður endurnýjaður.

Í desember kom upp öryggisgalli, log4j. Netkerfi bæjarins voru skönnuð fyrir honum innan sem utan. Utan frá fannst engin veikleiki og ekki heldur að innan þegar prentkerfið hafði verið uppfært.

Lokið var við innleiðingu á Cisco CM símkerfinu og slökkt á Alcatel sem hefur verið í notkun frá 1990 eða þegar Tjarnargata 12 var tekin í notkun af Sparisjóðnum, Lífeyrissjóðnum og Keflavíkurbæ. Skype for Business var sett upp hjá stjórnendum stofnana og Competella skiptiborðshugbúnaður hjá grunnskólunum, tónlistarskólanum og Nesvöllum. Settur var upp Asterisk server fyrir leikskólana til að tengja saman Skype og CM og sem talvél.

Klárað var að tengja saman AD og Kjarna og fer öll auðkenning núna fram í gegnu ADið. Ekki náðist að tengja saman AD og GX aðgangsstýrikerfið, aðalega vegna ástandsins.

Send voru út myndbönd á alla starfsmenn til að efla öryggisvitund þeirra varðandi upplýsingatækni og hættur á netinu.

Á árinu var Cisco Umbrella innleidd. Þetta er kerfi sem vinnur sem vefsía og notar DNS fyrirspurnir notenda til þess að grípa inn í. Þetta kerfi býður upp á að setja upp profile á tæki, iPadu, ChromeBook og Windows tölvur þannig að það er sama hvar þau eru vefsían er alltaf virk. Í tengslum við þetta var unnið að innleiðingu á Jamf MDM kerfi til að auðvelda dreifingu á Umbrella profílenum.

Vírusvörnin var uppfærð úr Trend Micro Officescan í ApexOne.

Vinna við að setja upp tvöfalda auðkenningu á VPN tengingar er á loka stigi.

Að öðru leiti var unnið að reglubundnum verkefnum, viðhaldi kerfa, ráðgjöf og hugað að framtíðinni. Hér skal líta um öxl og skoða starfsáætlun seinasta árs og telja upp það sem var klárað og unnið í samræmi við starfsáætlanir. Uppgjör á því sem kláraðist og útskýring á því hvers vegna ekki tókst að ljúka ákveðnum verkefnum sem tilgreind voru í starfsáætlun ársins.

Mannauðsdeild

1. Mannauður

Í mannauðsdeild voru tvö stöðugildi á árinu 2021.

Kristinn Óskarsson hefur verið mannauðsstjóri Reykjanesbæjar frá júní 2018. Helga María Finnbjörnsdóttir sem gegndi starfi mannauðsráðgjafa frá janúar 2019 lét af störfum að eigin ósk í lok september 2021. Í starf mannauðsráðgjafa var ráðin Kolbrún Sigtryggisdóttir og hóf hún störf í september 2021.

2. Helstu verkefni 2021

- Stefnunótun
 - Viðbragðsáætlun EKKO samþykkt og kynnt á fjölmörgum vinnustöðum Reykjanesbæjar.
 - Til stóð að leggja fyrir nýja mannauðsstefnu ásamt tengdum stefnum, reglum og ferlum. Allt efnið er nánast tilbúið og þarf að klára þessa vinnu á árinu 2022.
- Gæðamál
 - Við bættum við nokkrum skjölum og endurskoðuðum og löguðum margt af áður útgefnum skjölum.
- Ráðgjöf til stjórnenda og úrvinnsla flókinna og viðkvæmra starfsmannamála
 - Ágreiningsmál – m.a. EKKÓ
 - Nokkur mál bárust inn á borð mannauðsstjóra og er þeim öllum lokið eða í ákveðnum farvegi.
 - Leiðbeinandi samtöl, áminningar og starfslok
 - Mannauðsstjóri leiðbeindi um nokkur slík mál á árinu.
 - Samskipti við trúnaðarlækni
 - eru í ágætum farvegi og hefur samstarf við Vinnuvernd gengið vel. Helsta breyting er að við vísuðum fjölmörgum starfsmönnum til sálfræðings.

- Jafnlaunavottun
 - BSI tók út jafnlaunakerfið og jafnlaunastarf sveitarfélagsins og vottaði það.
- Ráðningar
 - Fjöldi auglýsinga 2021: 210 2020: 203
 - Fjöldi umsókna 2021: 3054 2020: 3149
 - Fjöldi umsækjenda: 1234 2020:
- Mælaborð mannauðs
 - Hagdeildin (JS) tók yfir áframhaldandi þróun mælaborðsins. Markverður árangur náðist m.a. með að upplýsingar voru lesnar úr mentor. Og nú er hægt að bera saman veikindi milli ára án mikillar skekkju. Áframhaldandi þróun þarf á árinu 2022.
- Vinnustaðagreining
 - Árleg vinnustaðagreining var unnin í nóvember og desember og var þátttakan 68% á móti 78% árið 2020 og 72% árið 2019.
- Stjórnendabjálfun
 - Stjórnendadagur að voru var haldinn rafrænt á Zoom. Megin innleggið var „ómeðvituð hlutdrægni“.
 - Stjórnendadagur að hausti var haldinn í Hljómahöll og bar yfirskriftina: Stefnur, viðhorf og verkfæri til að breyta heiminum
- Workplace 2021
 - 1219 invited - 1137 active - 969 monthly users - 788 engaged users
 - 14.992 posts - 27.388 comment - 93.728 reactions - 363.795 messages
 - 537 groups

2.1 Árangur

Skv. starfsáætlun mannauðsdeildar Reykjanesbæjar fyrir árið 2021 þá skyldi mannauðsdeild vinna að eftirfarandi verkefnum og ná ákveðnum mælanlegum eða skjalfestum árangri:

- Mælaborð Mannauðs
 - Markmið ársins **náðist** – þróun mælaborðsins heldur áfram
- Mannauðsstefna
 - Markmið ársins **náðist ekki** – verkefnið mjög langt komið og þarf að klára sem fyrst á árinu 2022
- Stytting vinnuvikunnar
 - Markmið ársins **náðist**
- Jafnlaunavottun
 - Markmið ársins **náðist**
- Mannréttindastefna
 - Verkefnið fært til Velferðarsviðs
- Stöðlun gæðaferla í gæðakerfi
 - Markmið ársins **náðist** – markmiðið var að fjölga mannauðsferlum og skjölum um 40% - niðurstaðan var 20 ný skjöl tl viðbótar við 42 sem voru fyrir = 47,6%
- Endurskoðun nýliðahandbókar
 - Verkefni **frestað** vegna álags á deildinni
- Eftirfylgni vinnustaðagreiningar
 - Markmið ársins **náðist að mestu** – mannauðsráðgjafi fundaði með öllum stjórnendum stofnana og færði þeim verkfæri í formi úrbótaáætlunar. Eftirfylgni þeirra varkefna var ekki á ábyrgð á hendi mannauðsdeildar og mælanleg markmið sem sett voru í áætluninni náðust ekki.
- Jafnréttisstarf
 - Markmið ársins **náðist að hluta**

- Viðbraðgsáætlun EKKO
 - Markmið ársins náðist
- Fræðslumál
 - Markmið ársins náðist ekki
- Fjarvinna og lærdómur af Covid-19
 - Markmið ársins náðist - en heimsfaraldurinn hefur varað lengur en menn áttu von á svo lærdómurinn er enn í gangi.

Lokaorð


Mannauðsstjóri er þakklátur starfsfólki Reykjanesbæjar hvernig það hefur brugðist við flóknum og krefjandi verkefnum í heimsfaraldri Covid 19. Þá hefur samstarf innan skrifstofu stjórnsýslu gengið afar vel sem og samstarf við aðrar einingar innan Ráðhússins sem og við stofnanir Reykjanesbæjar víðs vegar um sveitarfélagið.

Niðurlag

Undirritaður vill þakka öllu samstarfsfólki á skrifstofu stjórnsýslu fyrir mikla og óeigingjarna vinnu á erfiðum og skrýtnum tímum í miðjum heimsfaraldri. Það er tilhlökkunarefni að eiga áframhaldandi gott samstarf við starfsfólk skrifstofu stjórnsýslu á nýju ári – vonandi minna í fjarvinnu og meira í ráðhúsi Reykjanesbæjar.

Ársskýrsla þessi var unnin í samstarfi við stjórnendur á skrifstofu stjórnsýslu í janúar og febrúar 2022. Öllum þeim sem komu að gerð ársskýrslunnar eru þökkuð vel unnin störf.

Reykjanesbæ, 15. febrúar 2022,



Unnar Steinn Bjarnald,
bæjarfogmaður



REYKJANESBÆR
Í KRAFTI FJÖLBREYTTLEIKANS